

# Snæfellingar. Minnisblað um skipulags- og umhverfismál

---

<b>Dagsetning:</b>	15. nóvember 2021
<b>Verkkaupi:</b>	Eyja- og Miklaholtshreppur og Snæfellsbær
<b>Efni:</b>	Drög að minnisblað um skipulags- og umhverfismál til umræðu á íbúafundi.
<b>Viðtakandi:</b>	Samstarfsnefnd
<b>Höfundur:</b>	Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson, RR ráðgjöf

---

## Aðdragandi

Á fundi samstarfsnefndar um mögulega sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar, þann 1. nóvember sl., fjallaði nefndin um skipulags- og umhverfismál í sveitarfélögunum tveimur.

## Stjórnskipulag

Í skipulags- og byggingarnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps sitja þrjú fulltrúar og einn til vara. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um skipulagsmál, umhverfis-, samgöngu- og hreinlætismál skv. samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Eyja- og Miklaholtshrepps.

Í umhverfis- og skipulagsnefnd Snæfellsbæjar sitja fimm fulltrúar og jafnmargir til vara. Nefndin fer með skipulags- og byggingarmál, umferðarmál, veitumál og umhverfis- og náttúruverndarmál skv. samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

## Skipulags- og byggingarfulltrúar

Eyja- og Miklaholtshreppur er með starfandi skipulags- og byggingarfulltrúa en eru í þann mund að skipta um kerfi og mun sameiginlegur skipulags- og byggingarfulltrúi fyrir Grundarfjarðarbæ, Helgafellssveit, Stykkishólmsbæ og Eyja- og Miklaholtshrepp taka til starfa þegar það kerfi verði starfrækt. Samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara.

Í tæknideild Snæfellsbæjar er byggingarfulltrúi og starfsmaður í 100% starfi sem aðstoðarmaður byggingarfulltrúa í 100% starfi. Starfsmaður sinnir skipulagsmálum í 20% starfi.

## Aðalskipulagsáætlanir

Sveitarfélögum er skylt að hafa í gildi aðalskipulag sem er skipulagsáætlun fyrir sveitarfélagið og tekur til alls lands innan marka þess. Aðalskipulag hefur að geyma stefnu sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Fjallað er um aðalskipulagsáætlanir í VII. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæði sveitarfélög eru með gildandi aðalskipulög, Eyja- og Miklaholtshreppur 2018-2038 og Snæfellsbær 2015-2031.

## Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Bæði sveitarfélögin eru aðilar að Svæðisgarðinum Snæfellsnes sem var stofnaður árið 2014 af öllum sveitarfélögum á Snæfellsnesi, félögum og samtökum á svæðinu. Svæðisgarður er byggðapróunarmodel og snýst um fjölþætt samstarf sveitarfélaga, fyrirtækja, félaga og samtaka á svæði sem myndar landslags- og menningarlega heild. Samstarfið „byggir á sameiginlegri sýn um sérstöðu svæðisins og samtakamætti við hagnýtingu sérstöðunnar og verndun hennar“ eins og segir á vefsíðu Svæðisgarðsins.<sup>1</sup> Aðilar Svæðisgarðsins eru:

- Snæfellsbær
- Stykkishólmsbær
- Grundarfjarðarbær
- Eyja- og Miklaholtshreppur
- Helgafellssveit
- Ferðamálasamtök Snæfellsness
- Snæfell, félag smábátaeigenda á Snæfellsnesi
- Búnaðarfélag Eyrarsveitar
- Búnaðarfélag Staðarsveitar
- Búnaðarfélag Eyja- og Miklaholtshrepps
- Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu

Tilgangurinn er að efla samfélagið á Snæfellsnesi, skerpa sérstöðu þess og vinna að því að bæta lífsgæði íbúa og gesta á svæðinu. Sveitarfélögin á svæðinu létu vinna svæðisskipulag fyrir Snæfellsnes sem hefur að geyma sameiginlega sýn sveitarfélaganna á þróun atvinnulífs og samfélagsins.<sup>2</sup>

## Framtíðarsýn

Samræma þarf aðalskipulög sveitarfélaganna, komi til sameiningar þeirra og samræma áherslur sem birtast í gildandi aðalskipulögum sveitarfélaganna. Að mati nefndarinnar er ekki von á miklum breytingum og þá sérstaklega í ljósi þess að bæði sveitarfélög hafa reynslu af skipulagi í dreifbýli og hafa svipaðar áherslur hvað það varðar.

Eyja- og Miklaholtshreppur er í þann mund að hefja samstarf um sameiginlegan skipulags- og byggingarfulltrúa við Grundarfjarðarbæ, Stykkishólmsbæ og Helgafellssveit en samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Í ljósi þess að sveitarfélögin eru ekki í samstarfi um starf skipulags- og byggingarfulltrúa þarf að finna lausn á því fyrirkomulagi.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes og svæðisskipulag svæðisins hafa að geyma sameiginlegar áherslur sveitarfélaganna hvað varðar atvinnulíf og samfélagið í heild sinni. Vottun frá UNESCO að svæðið verði „biosphere“ svæði hefur verið í umræðunni og gæti orðið að veruleika í náinni framtíð. Ekki er að sjá að sameining sveitarfélaganna hefði breytingar í för með sér hvað það varðar.

<sup>1</sup> <https://www.snaefellsnes.is/svaedisgardur>

<sup>2</sup> <http://skipulagsaetanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=13635645353914266900>